

Umsögn um hugmynd af Betri Reykjavík sem send var Borgarráði 31.10.2014

Hugmynd

Virkja RSS efnisstrauma á reykjavik.is svo hægt sé að vera áskrifandi af fréttum

Rökstuðningur

Með notkun RSS getur þú fengið nýjar fréttir frá reykjavik.is og annað efni um leið og það er skrifað. Í efnisstraumum er að finna nýjasta efni sem birst hefur á vefnum. Notendur geta safnað veitum í lesara og þannig fylgst með öllu nýju efni. T.d. í símann, spjaldtölvuna o.fl.

Umsögn

Vefur borgarinnar er unnin í DRUPAL open source vefumsjónarkerfi sem býður upp á RSS efnisstrauma. Gera þarf örlitlar breytingar á stillingum til að gera mögulegt að virkja RSS fyrir fréttir og annað efni eftir málaflokkum.

Stefnt er að því að taka þessa þjónustu í notkun í byrjun 2015 og þróa hana svo áfram eftir því hvernig reynslan verður. Unnin verður sérstök RSS síða þar sem notendur geta valið sér þann RSS straum sem þeir kjósa.

11. desember 2014 – Hreinn Hreinsson vefritstjóri